

Efni: Samantekt athugasemda og svör

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 15. febrúar sl var samþykkt á auglýsa deiliskipulag af reit 19B í Hamranesi. Ákvörðun skipulags og byggingarráðs var staðfest í bæjarstjórn 23. febrúar sl.

Deiliskipulagið var í auglýsingu frá 8. mars sl. með frest til 19. apríl sl. Athugasemd barst frá Gunnari Ármannssyni lögmanni fyrir hönd Þórsbyggð ehf sem er lóðhafi á þróunarreit 20B í Hamranesi. Á fundi sínum 26. apríl sl. fól skipulags og byggingarráð skipulagsfulltrúa að taka saman umsögn vegna framkominna athugasemda. Athugasemdirnar voru sendar á hönnuði deiliskipulagsins og þeim falið að leggja til svör við athugasemdunum.

| Athugasemd | Svör |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Bendir á að í rammaskipulagi er gert ráð fyrir sjálfbærum aðgerðum til að draga úr umfangi bílastæða. Talað er um hlutfall bílastæða á lóð sé ekki meira en ¼ af útisvæði, bílastæði skulu ekki teygja sig meira en 18 m inn á lóð og að jafnaði skulu stæði ofanjarðar ekki vera fleiri en 14-16 saman. Einnig er bent á notkun bílastæðahúsa og bílakjallara sem lausn til að draga úr ásýnd bílastæða. Í auglýstri tillögu er gert ráð fyrir öllum bílastæðum ofanjarðar og í gegnum alla lóðina beggja vegna. Það þýðir að eigendur bifreiða munu í flestum tilvikum keyra inn í bílastæðin og þar með beina ljósgeisla bifreiða beint inn um rúður á neðstu hæð fjölbýlishúsa sem fyrirhugað er að byggja á lóðinni nr. 20b og sem snúa að lóðinni nr. 19b | Við hönnun deiliskipulagsins fyrir reit 19B í Hamranesi leituðust hönnuðir við að minnka bæði framkvæmd tengda sem og umfangi bílastæða á lóð sem mest mætti. Það húsnæði sem stendur til að reisa eru litlar og sveigjanlegar íbúðir fyrir umhverfisþenjandi markhóp. Með það fyrir augum þykja gegndræp, grassteinlögð bílastæði ofanjarðar vænlegri kostur en sértæk húsbýgging undir bíla. Að auki skuldbindur framkvæmdaraðili sig til þess að útvega umhverfisvæna deilibíla fyrir íbúa, sem séu tilbúnir til notkunar áður en lokaúttekt fer fram og stuðla þannig að vistvænni samgöngum. |
| Auk framangreindrar hættu á ljósmengun hefur framangreind breyting, ef samþykkt verður, það í för með sér að aukin umferð bíla verður ofanjarðar á lóðinni með tilheyrandi hljóð- og loftmengun sem er ekki í samræmi við áherslur í aðalskipulagi m.a. um sjálfbærni. Má benda sérstaklega á umfjöllun á bls. 139 í greinargerð um aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 frá 19. apríl 2014 þar sem segir að umferðarhávaði sé vaxandi vandamál í þéttbýli og að Evrópusambandið hafi gefið út tilskipun um að vinna skuli hávaðakort til að draga úr hávaða. Tilskipun þessi var innleidd með reglugerð nr. 1000/2005. Verði framangreint auglýst deiliskipulag samþykkt gengur það þvert gegn framangreindum meginsjónarmiðum | Það er óhjákvæmilegt að inn á lóðinni verði bílaumferð, framkvæmdaraðili mun með tilliti til framkominna athugasemda leita leiða til þess að lágmarka sjónræn áhrif bílastæðanna með byggingu bílaskýla og áhrif ljósmengun frá bílunum með að lækka bílastæðin og á milli lóða að með gróðri og/eða skjólveggjum á lóðamörkum. |